

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka, nr. 54 31. janúar 1986.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Hlutverk Tryggingarsjóðs er tvíþætt:

1. Að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. 3. mgr. 47. gr. sömu laga, að því leyti sem eignir innstæðudeildar sjóðsins, sbr. 3. gr. þessarar reglugerðar, hrökkva til og mælt er fyrir um í 10.-12. gr. þessarar reglugerðar.
2. Að veita viðskiptabanka víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár í því skyni aflað sérstaklega með lántöku og með samþykki ráðherra.

Tryggingarsjóður skal starfræktur í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar.

2. gr.

Í stað „Tryggingarsjóður“ og „Tryggingarsjóðs“ í 3., 8., 10., 11. og 12. gr. komi „innstæðudeild Tryggingarsjóðs“ og „innstæðudeildar Tryggingarsjóðs“.

3. gr.

4. gr. orðast svo:

Stjórn Tryggingarsjóðs skal skipuð sex mönnum til þriggja ára í senn og jafnmörgum til vara. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra viðskiptabanka, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum stjórnar. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Formaður getur ákveðið að stjórnarmaður víki af fundi ef um hagsmunaaðrekstur er að ræða þegar málefni tiltekinnar stofnunar eru til umfjöllunar.

Fulltrúi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist af Tryggingarsjóði.

4. gr.

7. gr. orðast svo:

Verkefni stjórnar Tryggingarsjóðs eru eftirfarandi:

1. Gera tillögur til ráðherra um árlegt gjald til innstæðudeildar, sbr. 1. mgr. 3. gr.
2. Sjá um innheimtu á árlegu gjaldi til innstæðudeildar frá viðskiptabönkunum, sbr. 1. mgr. 3. gr.
3. Afla ábyrgðaryfirlýsinga frá viðskiptabönkunum, sbr. 2. mgr. 3. gr.
4. Taka ákvarðanir um ávöxtun á fé innstæðudeildar, sbr. 8. gr.
5. Taka ákvarðanir um greiðslur úr innstæðudeild, sbr. 10.-12. gr.
6. Gera tillögur til ráðherra um veitingu á víkjandi lánum til viðskiptabanka úr lánadeild og lántökur deildarinnar í því skyni, sbr. 13. gr.
7. Semja ársreikning, sbr. 14. gr.

8. Ráða löggiltan endurskoðanda, sbr. 15. gr.
9. Taka ákvarðanir sem snerta starfsemi Tryggingarsjóðs að öðru leyti en talið er upp í 1.-8. tl. hér að framan.

5. gr.

Ný grein bætist við og verði 13. gr. Númer annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Viðskiptabanki getur óskað eftir víkjandi láni frá lánadeild Tryggingarsjóðs í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína. Kjör á víkjandi lánum skulu ákveðin með hliðsjón af þeim lánskjörum sem lánadeild Tryggingarsjóðs sætir við lántökur sínar, sbr. 2. mgr., að viðbætti hæfilegri umsýsluþóknun.

Lánveitingar lánadeildar Tryggingarsjóðs skulu fjármagnaðar með sérstökum lántökum.

Lántökur og lánveitingar lánadeildar Tryggingarsjóðs eru háðar samþykki ráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 51. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. lög nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 181/1992, um breytingu á reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka, nr. 54 31. janúar 1986.

Viðskiptaráðuneytið, 2. apríl 1993.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.